

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 11.07.2018

---

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar 11. júlí 2018 í Skagabúð kl. 14:30

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

*Dagskrá:*

- 1. Samningur um eldvarnareftirlit*
- 2. Siðareglur Skagabyggðar*
- 3. Malbik við Skagabúð*
- 4. Deiliskipulag í Kálfshamarsvík*
- 5. Minka- og refaveiði*
- 6. Persónuverndarstefna Skagabyggðar*
- 7. Rætur bs.*
- 8. Byggðasafnið á Reykjum*
- 9. Önnur mál*

## **1. Samningur um eldvarnareftirlit**

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Eldstoðir ehf um eldvarnareftirlit á svæði slökkviliðs Skagastrandar. Samningurinn er til eins árs og er við bæði sveitarstjórn Skagastrandar og Skagabyggðar. Samningurinn hefur verið tekinn fyrir hjá sveitarfélaginu Skagaströnd og samþykktur þar. Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og er oddvita falið að ganga frá samningnum með sveitarstjóra Skagastrandar.

Rætt um uppsetningu vatnstanka í sveitafélaginu og mikilvægi þess að halda þeirri vinnu áfram.

## **2. Siðareglur Skagabyggðar**

Fyrir fundinum lágu Siðareglur Skagabyggðar. Sveitarstjórn yfirfór reglurnar og undirritaði þær.

### 3. Malbik við Skagabúð

Samþykkt að malbika bílaplan við Skagabúð. Ákveðið að oddviti skyldi ræða við Stoð um að hæðarmæla planið og við Króksverk um undirbúningsvinnu. Gerður er viðauki við fjárhagsáætlun og er verkefnið fjármagnað með eigin fé.

### 4. Deiliskipulag í Kálfshamarsvík

Fyrir fundinum lá deiliskipulagslýsing og tillaga að forhönnun svæðisins. Farið yfir athugasemdir frá Skipulags- og byggingarnefnd. Lýsingin samþykkt af sveitastjórn og samþykkt að Landslag vinni lokatillögu að deiliskipulagi.

### 5. Minka- og refaveiði

Farið yfir reglur um refa- og minkaveiði. Rætt um nauðsyn þess að gera skriflega samninga við veiðimenn, bæði varðandi grenjavinnslu, vetrarveiði og minkaveiði. Rætt um að hækka gjald á vetrarveiði en tekin ákvörðun um að gera það ekki að svo stöddu heldur skoða það við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

### 6. Persónuverndarstefna Skagabyggðar

Ný persónuverndarlög taka gildi 15. júlí n.k. Fyrir liggur að sveitarfélagið þarf að fara í vinnu á persónuverndarstefnu. Oddvita falið að leita upplýsinga hjá öðrum sveitafélögum í A-Húnavatnssýslu um hvernig staðið sé að þessum málum þar. Einnig er henni falið og gefið umboð til að ráða tímabundið persónuverndarfulltrúa.

### 7. Rætur bs.

Fyrir fundinum lá bréf frá Kristjáni Jónassyni hjá KPMG ehf. um skiptalok Róta bs. og afskráningu félagsins. Eftirfarandi er samþykkt:

Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkti á fundi með öðrum eignaraðilum í Rótum bs. þann 27. janúar 2017 að slíta félaginu. Sama dag var skipuð skiptastjórn í Rótum bs. Skiptastjórn hefur nú lokið störfum og úthlutun hennar á eignum Róta bs. liggur fyrir.

Sveitarfélagið Skagabyggð samþykkir úthlutun skiptastjórnar og samþykkir að starfsemi Róta bs. verði hætt og félagið lagt niður og afmáð úr firmaskrá. Sveitarstjórn felur hér með KPMG ehf. að annast samskipti við firmaskrá við afskráningu félagsins.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn Skagabyggðar þann 11. júlí 2018.

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 11.07.2018

---

## 8. Byggðasafnið á Reykjum

Undir þessum lið komu Sólveig Benjamínsdóttir safnstjóri og Ingibjörg Jónsdóttir fjármálastjóri Húnaþings á fundinn. Kynntu þær samninginn og starfsemi safnsins.

Fyrir fundinum lá tillaga að þjónustusamningi milli eigenda Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna varðandi rekstur og utanumhald starfsemi safnsins. Samningurinn er endurnýjun á samningi sem var í gildi frá 2015 og út árið 2017. Sveitarstjórn samþykkti þjónustusamninginn.

## 9. Önnur mál

-Fengist hefur úr styrkvegasjóði 2018 700.000 þúsund. Ákveðið að fara í lagfæringar á veginum í Hallárdal en þar vantar tvö ræsi. Magnús Guðmannsson tekur að sér að kanna verð á ræsum hjá Vegagerðinni og e.t.v. hjá Jóni Helga Sigurgeirssyni í Víkum. Einnig ákveðið að fara í vegbætur frammi á Laxárdal.

-Ákveðið að athuga hjá Léttitækni verð og smíði á stólagrindum fyrir Skagabúð. Oddviti kannar það.

-Umræður um starfssvið skipulagsfulltrúa í Skagabyggð. Oddvita falið að athuga hjá öðrum sveitafélögum í Austur Húnavatnssýslu hvernig málum er háttað hjá þeim.

-Á síðasta sveitastjórnarfundum var frestað umfjöllun um laun oddvita þar sem ekki lá fyrir hver þau hefðu verið. Samþykkt var að tengja launin við þingfararkaup og skulu þau vera 30% af því eða 330.358 kr.

-Ósk frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinum um álit á ákvæði sveitarstjórnarlaga um samstarf sveitarfélaga. Þau ákvæði kynnt og telur sveitastjórn enga þörf á að gera breytingar þar á.

-Sótt um leyfi fyrir opnun námu í landi Hafna, landnúmer 145845. Sveitastjórn samþykkir það og oddviti falið að koma málinu áfram í ferli.

-Rætt um að rúlluplast verði sótt oftari en nú er (tekið tvisvar á ári), til dæmis þrisvar sinnum. Oddviti ræðir við Sorphirðu VH.

-Finna þarf aðila til að fara yfir girðingar í kringum réttir og yfirfara réttirnar sjálfar.

-Endurskoða þarf samning við húsvörð Skagabúðar og gera starfslýsingu.

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 11.07.2018

---

Fleira ekki tekið fyrir og fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:55.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Magnús Guðmannsson

Karen Helga R. Steinsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson